

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Viðfangsefni úr fjármunarétti

Prófnúmer próftaka:
---------------------	-------

Námsgrein til prófs:	Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)	
	ATH. Prófið er tvískipt: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%), Félagaréttur (30%).	
Prófdagur:	6. nóvember 2013	Kl.: 16:00 til 20:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð: 5 (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir	

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMEREI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Ritgerð (22,5%)

Í nýlegum hæstaréttardómi sagði meðal annars:

„Kröfugerð sóknaraðila í málinu er á því reist að hann hafi gefið starfsmanni varnaraðila skýr og ótvíræð fyrirmæli um að kaupa evrur fyrir andvirði innleystra hlutdeildarskírteina í Sjóði 9. Í stað þess að fylgja fyrirmælunum hafi varnaraðili í heimildarleysi keypt hlutdeildarskírteini í Sjóði 9.1 og beri af þeim sökum hallann af því að geta ekki sýnt fram á að hafa fylgt fyrirmælunum.

... Ágreiningslaust er að sú ráðstöfun varnaraðila að verja andvirði innleystra hlutdeildarskírteina í Sjóði 9 til kaupa á hlutdeildarskírteinum í Sjóði 9.1 rúmaðist innan þeirrar fjárfestingarstefnu sem samningur málsaðila um einkabankaþjónustu kvað á um. Sú ráðstöfun var einnig í samræmi við 6. grein lánessamningsins frá 12. apríl 2007 en efni hennar er áður rakið. Ekki verður talið að í þeim orðum sóknaraðila, sem féllu í símtalinu 15. september 2008 og rakin eru í hinum kærða úrskurði, hafi falist skýr og ótvíræð fyrirmæli sem varnaraðila hafi á grundvelli samningsins um einkabankaþjónustu verið skylt að hlíta. Þá liggja hvorki fyrir í gögnum málsins upplýsingar um að sóknaraðili hafi hringt í starfsmann varnaraðila síðar sama dag til að fylgja eftir þeim fyrirmælum sem hann kveðst hafa gefið starfsmanninum fyrir um daginn né heldur hvert geti hafa verið efni þess símtals. Loks er til þess að líta sem nánar er rakið í hinum kærða úrskurði að sóknaraðili hafði og nýtti sér skoðunaraðgang að einkabankaþjónustunni í netbanka sínum og fékk að auki sendar skriflegar tilkynningar frá varnaraðila um viðskipti þau sem mál þetta varðar. Þrátt fyrir það hreyfði hann ekki að því er séð verður andmælum vegna þeirra viðskipta sem fram höfðu farið fyrir hans hönd fyrir en 6. október 2008 og þá af því tilefni að honum hafði borist krafa frá varnaraðila 3. sama mánaðar um frekari tryggingar. Þegar allt það er virt sem hér var rakið verður lagt til grundvallar að ...“

Veltið upp með ykkar eigin orðum viðfangsefnum á sviði fjármunaréttar sem ofangreind lýsing getur gefið tilefni til.

Það athugast að þið þurfið ekki að kunna sérstök skil á þessu máli til að svara spurningunni.

2. Ritgerð (17,5%)

Svarið annað hvort spurningu a eða b.

- a) Gerið grein fyrir helstu lokum kröfuréttinda.
- b) Gerið ítarlega grein fyrir hugtakinu loforð.

3. Raunhæft verkefni (15,0%)

A á allt hlutafé í einkahlutafélaginu H ehf. sem rekur smábát. Félagið er handhafi rannsóknarleyfis til takmarkaðra veiða á sæbjúgum, eina leyfi sinnar tegundar sem gefið hefur verið út á Íslandi. Reksturinn gengur illa. B gerir A tilboð í allt hlutafé A í H ehf. Tilboðið er gert í tölvupósti sem sendur er að morgni dags og er svohljóðandi:

„Sæll, vísa til samtals, geri þér hér með tilboð í allt hlutfé þitt í H ehf. Býðst til að greiða kr. 10.000.000. Tilboðið gildir til klukkan 18:00 í dag.“

A er á sjó daglangt en svarar B þegar hann kemur í land þar sem hann samþykkir kauptilboðið skilyrðislaust. Svarpósturinn er sendur klukkan 18:40. Tveim dögum síðar eru sett ný lög þar sem ákveðið er að úthluta kvóta til veiða á sæbjúgum eingöngu til þeirra sem hafa rannsóknarleyfi nú þegar. Samtímis heyrir af gríðarmiklum áhuga Kínverja á vörunni sem telja hana stuðla að langlífi. Sama dag er einnig ritað undir fríverslunarsamning við Kína. Ljóst er að með þessu hefur verðmæti félagsins H ehf. margfaldast. Eins liggur fyrir að B vissi af fyrirhugaðri lagabreytingu og fríverslunarsamningi, ólíkt A.

A vill losna undan samningnum. Takið rökstudda afstöðu til þess hvort (a) gildur samningur teljist kominn á í skilningi laga og (b), að þeirri forsendu gefinni að gildur samningur hafi komist á, til hvaða reglna og sjónarmiða samningaréttar getur A vísað til vilji hann reyna að losna undan efndum á samningnum.

4. Krossar (10,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
- (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. M selur K vændi, en „hleypur síðan á brott“ án þess að veita umsamda þjónustu. Er líklegt að K teljist eiga lögvarða kröfu á hendur M.

- Já
- Nei

2. Samhliða kröfu um réttar efndir samnings er að lögum hægt að krefjast vangildisbóta.

- Rétt
- Rangt

3. Skuldaraskipti eru almennt heimil án samþykkis kröfuhafa.

- Rétt
- Rangt

4. Ef A hf. á kröfu á hendur B hf. og dótturfélag B hf., C hf., á kröfu á hendur A hf. þá koma kröfur A hf. og C hf. til skuldajafnaðar samkvæmt meginreglum kröfuréttar.

- Rétt
- Rangt

5. Samningur getur komist á þótt hann sé annars efnis en loforðsgjafi ætlaði.

- Rétt
- Rangt

6. Samningar sem teljast lögmætir samkvæmt *efni* sínu þegar til þeirra er stofnað geta allt að einu verið ógildir vegna síðar til kominna atvika.

- Rétt
- Rangt

7. Ef KH1 framselur kröfu á hendur SK til KH2 og krafan innheimtist ekki, þá á SK samkvæmt meginreglum kröfuréttar kröfu á hendur KH1.

- Rétt
- Rangt

8. Skilyrði er orðuð ákvörðunarástæða í löggerningi.

- Rétt
- Rangt

9. Ásetningur er fortakslaust skilyrði skaðabótaábyrgðar.

- Rétt
- Rangt

10. Unnt er að lögum að krefjast efnda in natura samhliða riftun sammings.

- Rétt
- Rangt

5. Tengingar (5%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver rétt tenging vegur 1,25%.
- (ii) Dregið er frá 0,625% fyrir hverja ranga tengingu.
- (iii) Sé látið hjá líða að tengja jafngildir það rangri tengingu.
- (iv) Aðeins ein tenging er rétt.

Meiriháttar nauðung

Samningsvanefnd

Vangildisbætur

Veik ógildingarástæða

Efndabætur

Kröfuhafi eins settur og ef samningur hefði ekki verið gerður

Misneyting

Ógilding samnings